

## Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn Eyclóar Harðardóttur um verktakavinnu fyrir heilbrigðisráðuneytið.

1. *Hvaða verkefnum sinnu verktakar fyrir heilbrigðisráðuneytið á tímabilinu 1.6.2007–1.2.2009?*

Frá 1.6.2007–1.2.2009 voru verktakar fengnir til að sinna eftirfarandi verkefnum fyrir ráðuneytið:

- Ráðgjafavinna fyrir ráðherra og ráðuneyti.
- Vinna vegna funda með ýmsum aðilum.
- Vinna við gerð frumvarpa fyrir ráðuneytið.
- Vinna við mótun, gerð og kynningu á heilsustefnu.
- Vinna vegna framkvæmdar heilsustefnu.
- Vinna vegna stefnumótunardags ráðuneytisins.
- PR-vinna og ráðgjöf vegna PR-mála.
- Fjölmíðlaþjálfun og ráðgjöf því tengd.
- Ráðgjafavinna og fundir vegna lyfjamála.
- Úttekt á Heilbrigðisstofnun Austurlands og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.
- Vinna við undirbúning skipulagsbreytinga o.fl.
- Vinna vegna hagræðingarverkefna.
- Mótun hugmynda að skipulagi stofnana ráðuneytisins (stjórnsýslu- og eftirlitsstofnana).

Verkefni sem talin eru upp hér eru ný verkefni sem verktakar voru fengnir til að sinna frá 1.6.2007–1.2.2009. Verktakar sinna ýmsum öðrum verkefnum fyrir ráðuneytið sem ekki eru talin upp hér að framan en um er að ræða verkefni sem byrjað var á fyrir 1.6.2007 eða hafa verið unnin tilfallandi fyrir ráðuneytið á undanförunum árum. Hér má nefna ráðgjöf við öldrunarmál, rekstur og hugbúnaðargerð vegna Rai-matskerfis og vistunarmatskerfis, túlkabjónustu, sálfræðipjónustu vegna Breiðavíkur- og Byrgismála, ráðningarþjónustu auk hugbúnaðarþjónustu og annarrar þjónustu vegna upplýsingatæknimála. Þá er kerfisfræðipjónusta og önnur þjónusta vegna nefndar um greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðiskerfinu ekki talin hér með.

2. *Hversu margir verktakar störfuðu fyrir ráðuneytið á því tímabili og hverjir voru þeir?*

Eftirfarandi verktakar voru fengnir til starfa fyrir ráðuneytið á tímabilinu 1.6.2007 til og með 1.2.2009:

1. Rannsóknir & Greining ehf.
2. Hið íslenska ráðgjafahús.
3. Franca ehf.
4. S&G Ráðgjöf ehf.
5. Andi.
6. Argyron ehf.

7. Reykjavík Economics.
8. DP lögmenn/DP fasteignir.

3. Hvað greiddi ráðuneytið verktökunum fyrir vinnu þeirra?

Greiðslur til verktakanna voru eftirfarandi:

Verktaki	Fjárhæð án vsk	Fjárhæð með vsk
Rannsóknir & Greining ehf.	1.200.000	1.494.000
Hið íslenska ráðgjafahús	2.040.500	2.540.424
Franca ehf.	2.030.800	2.528.816
S&G Ráðgjöf ehf.	1.392.000	1.739.050
Andi	2.475.000	3.081.375
Argyron ehf.	8.572.500	10.672.762
Reykjavík Economics	742.500	924.413
DP lögmenn/DP fasteignir	1.062.500	1.322.813

4. Hversu stór hluti af vinnu verktakanna fyrir ráðuneytið tengist fyrirhuguðum skipulagsbreytingum á heilbrigðiskerfinu?

Vinna samkvæmt eftirfarandi sundurliðun tengist fyrirhuguðum skipulagsbreytingum í heilbrigðiskerfinu:

Verktaki	Verkefni	Fjöldi tíma	Fjárhæð án vsk	Fjárhæð með vsk
Argyron ehf.	Undirbúningur skipulagsbreytinga o.fl.	249	3.112.500	3.875.062
S&G Ráðgjöf	Hagræðingaraðgerðir	8	88.000	109.560
<b>Samtals</b>		<b>257</b>	<b>3.200.500</b>	<b>3.984.622</b>

5. Voru verkefnin sem verktakarnir sinntu boðin út eða auglýst á vegum ráðuneytisins?

Verkefnin sem verktakarnir sinntu voru ekki boðin út eða auglýst á vegum ráðuneytisins.